



**HB GRANDI**

# Fjárfestakynning

Vegna útboðs í aðdraganda töku til viðskipta á  
Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf.

Apríl 2014

# HB Grandi í hnotskurn

*Reynsla og þekking í nýtingu auðlindar endurspeglast í öllu starfi HB Granda*

## Um félagið


- Eitt stærsta sjávarútvegsfélagið á Íslandi
- Gerir út tíu fiskiskip og vinnur afurðir á sjó og í landi
- Félagið hefur mestu aflaheimildir íslenskra útgerðarféлага og rekur eigin markaðsdeild sem selur afurðirnar um allan heim
- Félagið framleiðir verðmæta gæðavöru úr fersku hráefni sem aflað er úr hafinu við Ísland
- Lögð er rík áherslu á háþróaða tækni við veiðar og vinnslu og stöðuga framþróun framleiðslunnar
- Virðing fyrir auðlindum hafsins og ábyrg nýting þeirra leiða starfsemi félagsins
- Hjá félaginu starfa um 900 manns til sjós og lands

## Lykiltölur 2013

Velta	EUR 195m.
Veiðigjald	EUR 11,6m.
EBITDA	EUR 45,3m.
EBIT	EUR 32,9m.
Hagnaður	EUR 35,4m.
Heildareignir	EUR 336m.
Arðsemi eiginfjár	21,7%
Vaxtaberandi skuldir	EUR 68m.
Heildarafli	188 þús.tonn

# Sagan

## Frá útgerð yfir í markaðsvætt félag með sjálfbæra virðiskeðju



# Starfsstöðvar

*Vinnsla á þremur stöðum á landinu en markaðir um allan heim*



AKRANES




REYKJAVÍK

VOPNAFJÖRÐUR



# Skipurit HB Grandi


*Samanlagður starfsaldur stjórnenda um 100 ár*



# Aflaheimildir

## Mestu aflaheimildir íslenskra sjávarútvegsfélaga

### Hlutdeild af heildarafla







**HB GRANDI**

**Botnfisksvið**


# Almennt um botnfisksvið

*Breyttar áherslur í rekstri ná fram betri afkomu*

- Botnfisksvið hefur umsjón með útgerð botnfiskskipa félagsins sem og vinnslu botnfiskafurða um borð í frystiskipum félagsins og í fiskiðjuverunum á Akranesi og í Reykjavík
- Deildarstjóri er Torfi Þ. Þorsteinsson
- Á sviðinu störfuðu 545 manns árið 2013
- Botnfisksvið vinnur í nánú samstarfi við markaðssvið um þróun afurða og vinnslutækni
- Fækkun frystitogara er í takt við stefnumörkun stjórnar félagsins að auka ferskfiskvinnslu en draga út sjófrystingu
- Aukin verðmætasköpun felst í því að vinna afla í landi

***HB Grandi leitar stöðugt leiða sem skila sér í betri nýtingu og auknum gæðum afurða***

## Skipting tekna eftir afurðaflokkum





# Frystiskip

*Aflaverðmæti 8,6 milljarðar*



HB GRANDI

Arion banki

- HB Grandi gerir nú út 3 vinnsluskip
- Afli var 34 þús. tonn árið 2013
- Beitt til veiða á þeim fisktegundum sem henta þeim sérstaklega
  - Karfa, grálúðu, gulllax o.fl.
- Aflinn unninn um leið og hann kemur um borð eftir óskum viðskiptavina félagsins hverju sinni



Perney RE-1



Höfrungur III AK-250



Örfirisey RE-4

# Ísfisktogarar

*Aflaverðmæti 3,3 milljarðar*

- HB Grandi gerir nú út 4 ísfisktogara
- Afli þriggja togara var 19 þús. tonn árið 2013
- Aflinn er mismunandi og ræðst af eftirspurn á markaði, árstíma og aflbrögðum
- Togarnir landa karfa, ufsa og þorski til vinnslu í fiskiðjuverum félagsins



**Helga María AK-16**



**Sturlaugur H. Böðvarsson AK-10**



**Ottó N. Þorláksson ER-203**




**Ásbjörn RE-50**

# Endurnýjun botnfiskskipa

## Ísfisktogarar

- HB Grandi hf. hefur gert samkomulag við tyrknesku skipasmíðastöðina Celiktrans Denis Insaat Ltd. um hönnun og smíði líkans af ísfisktogara til skoðunar í tanki
- Áætlað er að hönnun og prófun líkansins verði að fullu lokið í júní 2014
- Í framhaldi af því ræðst hvort samkomulag næst á milli aðila um smíði þriggja ísfisktogara
- Náist samkomulag má búast við að fyrsti togarinn verði afhentur um mitt ár 2016




# Fiskiðjuver botnfisksvið

## Fyrsta flokks afurðir - afli af eigin skipum uppistaða hráefnis

- Landvinnsla botnfisks fer fram í fiskiðjuverum félagsins á Akranesi og í Reykjavík
- Afli af eigin skipum er uppistaða hráefnis auk þess sem hráefni er keypt á innlendum fiskmörkuðum og frá öðrum útgerðum
- Miðað við núverandi aflaheimildir og skipakost er nægt hráefni til samfelldrar vinnslu á báðum starfsstöðvum
- HB Grandi leggur höfuðáherslu á gæði og hreinlæti í vinnslum sínum
- Framleiðsluferfi fiskiðjuveranna er tölvustýrt og hægt er að tryggja rekjanleika vörunnar frá veiðum til viðskiptavina

**Virði hráefnis hámarkað með fullnýtingu afla félagsins**



# Botnfiskvinnsla Norðurgarði

## Sérhæfing í vinnslu karfa og ufsa

- Í landvinnslu botnfisks í Reykjavík voru 206 heilsárstörf
- Fiskiðjuverið í Reykjavík er sérhæft í vinnslu á karfa og ufsa
- Helstu afurðir eru lausfryst flök og flakastykki auk þess sem framleidd eru fersk flök og hnakkastykki
- Árið 2013 var unnið úr 18.250 tonnum af fiski en þar af voru 13.500 tonn af eigin skipum



*Aukinn afli til vinnslu í tegundum eins og þorski, ufsa og karfa gerir félaginu kleift að anna aukinni eftirspurn eftir ferskum afurðum*





# Botnfiskvinnsla Akranes

## Sérhæfing í framleiðslu þorskafurða

- Í fiskiðjuverinu á Akranesi eru 76 heilsársstörf
- Fiskiðjuverið er sérhæft í framleiðslu á ferskum afurðum úr þorski og leggur HB Grandi mikla áherslu á sölu ferskra þorskflaka og hnakka sem eru send samdægurs út til viðskiptavina félagsins með flugi eða í kæligámum
- Á Akranesi voru unnin 600 tonn af makríl og síld af eigin skipum árið 2013
- í heildina fóru um 4.825 tonn af fiski gegnum vinnsluna á því ári af eigin skipum



*Háþróaður og fullkominn fiskvinnslubúnaður skilar betri nýtingu, vinnsluhraða, aukinni afkastagetu og verðmætari afurðum*



# Fiskþurrkun

## *Efni til þurrkunar mun aukast verulega með aukinni landvinnslu*

- Laugafiskur ehf. sameinaðist HB Granda í lok árs 2013
- Félagið hefur tekið á móti um 6.500 tonnum af fiskafurðum á ári til þurrkunar og útflutnings til Nígeríu
- HB Grandi hefur verið stærsti birgji Laugafisks og verður fiskþurrkunin rekin í óbreyttri mynd
- Með aukinni landvinnslu HB Granda mun efni til þurrkunar aukast verulega frá því sem verið hefur
- Mest verður aukningin á þorskafurðum (hausum og hryggjum) en þorskvinnsla HB Granda fer fram á Akranesi í næsta húsi við fiskþurrkun Laugafisks
- Velta hefur verið í kringum 900 m.kr.
- Ársverk eru um 25



*Fjárfesting í  
aukinni arðsemi  
virðiskeðjunnar*







**HB GRANDI**

**Uppsjárarsvið**


# Uppsjávarsvið

**Afli uppsjávarskipa ríflega 135 þúsund tonn**

- Uppsjávarsvið ber ábyrgð á útgerð uppsjávarskipa félagsins sem og framleiðslu uppsjávarafurða í fiskiðjuverum félagsins á Akranesi og Vopnafirði
- Skipting tekna eftir afurðaflokkum fer eftir magni einstakra uppsjávartegunda auk verðs á markaði
- Deildarstjóri uppsjávarsviðs er Garðar Svavarsson
- Á sviðinu störfuðu 216 manns árið 2013

**Sífelld meiri áhersla á nýtingu uppsjávarafla til manneldis og aukin gæði afla því samfara**

## Skipting tekna eftir afurðaflokkum



# Uppsjárvarveiðiskip

*Aflaverðmæti um 5 milljarðar*

- HB Grandi gerði út 4 uppsjárvarskip á síðasta ári
- Afli þeirra nam 135 þús. tonnum árið 2013
- Aflaverðmæti tæpir 5 milljarðar króna
- Skipin veiða loðnu, makríl, síld og kolmunna



**Ingunn AK-150**



**Lundey NS-14**



**Faxi RE-9**



**Víkingur AK-100 (Lagt á árinu)**



# Endurnýjun uppsjávarskipa

## *Skip í smíðum*

- HB Grandi hefur samið um smíði á tveimur nýjum uppsjávarveiðiskipum
  - Samningsverð um 44,5 m. evra
- Smíði skipanna fer fram í Celiktrans Denis Insaat Ltd skipasmíðastöðinni í Tuzla í Tyrklandi
- Fyrra skipið verður afhent í ársbyrjun 2015 en seinna um haustið
  - Fyrra skipið mun leysa af hólmi Víking AK-100 og Lundey NS-14
  - Ákvörðun um frekari rekstur Faxa RE-9 og Ingunnar AK-150 tekin síðar
- Endurnýjun flotans mun leiða til hagræðingar í rekstri og meiri afkastagetu



# Uppsjávarfrysting og fiskimjöl

## Vinnsla hágæða mjöls og lýsis

- Fiskiðjuver HB Granda á Vopnafirði er sérhæft í vinnslu uppsjávarafurða
- Heilfrysting á loðnu, loðnuhrognum, makríl- og síldarafurðum
  - 27.400 tonn frystra afurða árið 2013
  - 108 ársverk
- Mjöl og lýsi unnið úr fráflokki, afskurði frá frystingu og kolmunna
  - 77.800 tonn móttekin árið 2013
  - 18 ársverk
- HB Grandi stundar jafnframt uppsjávarfrystingu og bræðslu fiskimjöls á Akranesi
- Loðnuhrognataka og frysting
  - 1.300 tonn árið 2013
  - 7 ársverk
- Bræðsla á loðnu og loðnuhrati
  - 25.000 tonn móttekin árið 2013
  - 13 ársverk



Öflugt gæðaeftirlit  
í vinnslum tryggir  
hágæðaafurðir



# Fullvinnsla á hrognum

## *Aukin tækifæri til vöruþróunar*

- HB Grandi keypti Vigni G. Jónsson hf. í lok árs 2013
- Félagið er 40 ára gamalt fjölskyldufyrirtæki á Akranesi sem sérhæfir sig í fullvinnslu á hrognum
- Þau hrogn sem notuð eru við framleiðsluna eru m.a. þorskhrogn, grásleppuhrogn, loðnuhrogn og flugfiskhrogn og eru afurðirnar nú seldar til 15 landa
- Fyrrum eigendur stýra félaginu áfram og reka það í óbreyttri mynd en möguleg samlegð, líkt og við sölu afurða, verður nýtt
- Veltan undanfarin ár hefur verið um 2,0-2,5 milljarðar króna
- Ársverk eru um 50



*Félagið hefur verið  
stór kaupandi  
loðnuhrognna af HB  
Granda og því  
töluverð tækifæri í  
rekstrarsamlegð og  
þróun afurða*







**HB GRANDI**

**Markaðssvið**

# Almennt um markaðssvið

## *Meginhlutverk þess að hámarka verðmæti afurða félagsins*

- Náið samstarf milli markaðs- og framleiðsludeilda er lykilatriði í góðum árangri við sölu á afurðum félagsins og þeirri virðingu sem félagið nýtur hjá kaupendum
- HB Grandi leggur mikinn metnað í að standa við gefin loforð um afhendingar, gæði og verð
- Áhersla er lögð á að selja vörur félagsins milliliðalaust til valinna viðskiptavina og eru þeir valdir af kostgæfni
- Um 30 viðskiptavinir standa undir 80% af söluverðmæti hvers árs og 60 viðskiptavinir standa undir 90%
- Heildarfjöldi árlegra viðskiptavina er um 200 frá um 40 löndum
- Deildarstjóri markaðssviðs er Brynjólfur Eyjólfsson
- Á sviðinu störfuðu 11 manns árið 2013 en verið er að efla sviðið og starfa 14 manns á sviðinu í dag



***Veiði og  
vinnsla í takt  
við eftirspurn  
viðskiptavina á  
hverjum tíma***





# Útflutningsverðlaun forseta Íslands

*Einstakt framlag til vinnslu og sölu sjávarafurða*



- HB Granda voru veitt útflutningsverðlaun forseta Íslands á Bessastöðum hinn 10. apríl 2013
- Í forsendum dómnefndar fyrir verðlaunaveitingunni kom fram að verðlaunin séu veitt fyrir einstakt framlag félagsins til vinnslu og sölu íslenskra sjávarafurða og forystu þess í nýsköpun á þessu sviði





**HB GRANDI**


**Vörur og markaðir**

# Heildarafli HB Granda


*Samsetning aflaheimilda dregur úr áhrifum verðsveiflna og aflabrests tegunda*

## Heildarafli HB Granda

þús.tonn



## Sala eftir tegundum 2013



Skipting eftir sölu móðurfélags




HB GRANDI

Arion banki

# Helstu markaðir 2013

Sex viðskiptalönd að baki 60% af tekjum félagsins



Skipting eftir tekjum móðurfélags





**HB GRANDI**

# Fjárhagur




# Rekstur

Góð afkoma og sjóðsstreymi í erlendri mynt


## Samstæðureikningur

EUR.þús.	2013	2012	2011
Seldar vörur	195.033	197.321	183.686
KSV	-144.633	-132.525	-120.115
þar af veiðigjald	-11.614	-5.941	-2.400
þar af afskriftir	-12.416	-10.997	-10.653
<b>Vergur hagnaður</b>	<b>50.400</b>	<b>64.796</b>	<b>63.571</b>
Aðrar rekstrartekjur	176	1.163	0
Útflutningskostnaður	-12.226	-12.348	-11.304
Annar rekstrarkostnaður	-5.454	-5.347	-6.694
Bakfærð virðisrýrnun (virðisrýrnun)	8.703	-21.601	0
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>41.599</b>	<b>26.663</b>	<b>45.573</b>
Fjáreignatekjur	135	144	174
Fjármagnsgjöld	-2.525	-3.806	-5.927
Gengismunur	3.805	-103	1.004
<b>Fjármagnsliðir samtals</b>	<b>1.415</b>	<b>-3.765</b>	<b>-4.749</b>
Áhrif hlutdeildarféлага	769	-4.527	2.395
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>43.783</b>	<b>18.371</b>	<b>43.219</b>
Tekjuskattur	-8.370	-3.512	-6.203
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>35.413</b>	<b>14.859</b>	<b>37.016</b>
Veiðigjald % af sölu	6,0%	3,0%	1,3%
Olía % af sölu	9,0%	9,6%	9,2%
Launakostnaður % af sölu	29,9%	29,5%	31,4%

## EBITDA



## EBITDA án veiðigjalds



# EBITDA brú 2011-2013

*Hækkun veiðigjalds hefur áhrif á rekstur félagsins*

## Skýringar

### EBITDA

- EBITDA HB Granda árið 2013 nam rúmlega 45,3 milljónum evra samanborið við 59,3 milljón evrur árið 2012


### Sala

- Aukning sölutekna á árinu 2012 má að mestu skýra með auknum afla en afurðarverð í erlendri mynt lækkaði nokkuð að meðaltali milli áranna 2012-2013

### Kostnaðarverð seldra vara

- Hækkun kostnaðarverðs seldra vara skýrist að stórum hluta af hækkun veiðigjalda, aðrir liðir eru m.a. áhrif dótturfélaga og aukning á ytra hráefni
- Olíuverð í USD lækkaði að meðaltali um 3% milli ára 2012-2013
- Á síðasta ári var fyrirkomulag veiðigjalda ákveðið til eins árs. Á árinu 2013 nam gjaldfært veiðigjald 11,6 milljónum evra og hækkaði það um 5,7 milljón evra milli ára

## EBITDA brú 2011 - 2013



# Starfspáttayfirlit

## Framleiðslusviðin


### Botnfisksvið

- Hækkun sölutekna milli árána 2012 og 2013 skýrist að mestu leyti af auknum afla botnfisksskipa
- Verð á botnfiskafurðum félagsins í erlendri mynt lækkaði á árinu 2013
- Laugarfiskur er hluti af botnfisksviði frá og með 1. júlí 2013
- Veidigjöld hafa mikil áhrif á þróun vergs hagnaðar en milli árána 2013 og 2012 hækkðu veidigjöld botnfisksviðs um 3,2 milljón evrur eða um 73%


### Uppsjávarsvið

- Lækkun sölutekna uppsjávarsviðs árið 2013 skýrist fyrst og fremst af minni uppsjávarafla en afli í loðnu dróst saman um 16,9 þús. tonn milli ára
- Verðþróun á uppsjávarafurðum var hins vegar hagfeld á árinu 2013 og vó upp á móti aflsamdrætti
- Vignir G. Jónsson er hluti af uppsjávarsviði frá og með 12. nóvember 2013
- Gjaldfærð veidigjöld uppsjávarsviðs námu 4,0 milljón evra árið 2013 og hækkðu um 157% milli ára

## Seldar vörur og framlegð\*



## Heildarafli




# Sterkur efnahagur

Rekstur félagsins að mestu fjármagnaður með eigin fé


## Samstæðureikningur

EUR.þús.	2013	2012	2011
Rekstrarfjármunir	111.006	100.774	94.741
Óefnislegir eignir	133.393	113.931	135.532
Aðrar eignir	26.956	25.476	24.366
<b>Fastafjármunir</b>	<b>271.355</b>	<b>240.181</b>	<b>254.639</b>
Vörubirgðir	28.031	26.145	22.851
Viðskiptakröfur	20.350	23.026	20.641
Aðrar skammtímakröfur	4.249	6.848	3.533
Handbært fé	12.273	8.639	21.228
<b>Veltufjármunir</b>	<b>64.903</b>	<b>64.658</b>	<b>68.253</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>336.258</b>	<b>304.839</b>	<b>322.892</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>203.484</b>	<b>169.383</b>	<b>157.694</b>
Vaxtaberandi skuldir	68.468	78.556	109.357
Tekjuskattskuldbinding	34.891	33.425	38.232
Viðskiptaskuldir	13.232	13.051	10.588
Aðrar skammtímaskuldir	9.038	2.105	2.618
Skattar ársins	7.145	8.319	4.403
<b>Skuldir</b>	<b>132.774</b>	<b>135.456</b>	<b>165.198</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>336.258</b>	<b>304.839</b>	<b>322.892</b>

## Efnahagur 2013




## Eiginfjárhlutfall og arðsemi



# Helstu eignir


Aflaheimildir stærsti hluti ófnislegra eigna

## Rekstrarfjármunir




## Fjárfestingar

Samþykktar fjárfestingar á árinu 2014 eru um 38 milljónir evra




## Ófnislegar eignir



## Virðisrýrning

Að mestu tilkomin vegna breytinga á veiðigjaldi






# Vaxtaberandi skuldir


Hreinar vaxtaberandi skuldir 1,2x EBITDA á árinu 2013

## Þróun vaxtaberandi skulda



## Langtímaskuldir og næsta árs afborganir

### Hlutfall eftir myntum árið 2013




### Vaxtakjör


Vegið meðaltal vaxta árið 2013

3,5%

## Hreinar vaxtaberandi skuldir / EBITDA



### Afborgunarferill



# Áhættupættir

## Áhættur og áhættustýring í rekstri HB Granda

- Stjórn HB Granda ber ábyrgð á og hefur eftirlit með áhættustýringu hjá félaginu
- Breytingar á hráefna- og afurðaverði geta haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins
- Fiskur er náttúruauðlind og eru sveiflur í fiskigengd á mismunandi tímum og hafssvæðum
- Sveiflur í fiskigengd á þeim hafssvæðum sem HB Grandi starfar á geta haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins
- Veiðiheimildir eru háðar ákvörðunum stjórnvalda og breytingar á þeim kunna að hafa neikvæð áhrif á afkomu félagsins
- Hækkun á álagningu veiðigjalda kunna að hafa verulega neikvæð áhrif á afkomu og efnahag félagsins
- Stærstur hluti afla félagsins sem fer til vinnslu kemur frá eigin skipum HB Granda en ekki er hægt að tryggja að félagið veiði eða afli sér nægjanlegs fisks af mörkuðum til frekari vinnslu og sölu
- Breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vöxtum geta haft neikvæð áhrif á afkomu samstæðunnar
- Stjórnendum félagsins er kunnugt um að stjórnvöld vinna nú að nýjum frumvörpum um lög um veiðigjöld og vinna stendur yfir við að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Enn fremur ríkir óvissa um aflahlutdeild Íslendinga í makrílstofni. Það er mat stjórnenda að umrædd frumvörp og deilur um makrílstofn munu hafa áhrif rekstur félagsins en erfitt er fyrir stjórnendur að áætla umfang þeirra þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um endanlega útfærslu þeirra
- Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu. Fjárfestum er bent á að kynna sér lýsingu félagsins dagsetta 27. mars 2014, og þar með talda kafla um áhættupætti





**HB GRANDI**

**Almennt útboð  
Fyrirkomulag**



# Hluthafar

## Stærstu hluthafar selja 27-32% hlut í útboði

### Vogun hf.

- Stærsti hluthafi HB Granda með 37,56% hlut
- Hyggst selja 4,3% hlut í útboðinu
- Að stærstum hluta í eigu Hvals hf. (99,98%)
- Stærsti hluthafi Hampiðjunnar hf. (37,61%)

### Arion banki hf.

- Annar stærsti hluthafi HB Granda með 30,93% hlut
- Hyggst selja 20% hlut í útboðinu
- Hefur 5% stækkunarheimild í útboðinu.
- Hefur umsjón með töku til viðskipta og sölu í útboðinu

### Fiskveiðahlutafélagið Venus hf.

- Sjötti stærsti hluthafi HB Granda með 3,19% hlut
- Hyggst selja 2,7% hlut í útboðinu
- Stærsti einstaki hluthafi Hvals hf. (39,50%)
- Annar stærsti hluthafi Hampiðjunnar hf. (14,59%)

## Hluthafalisti

Hluthafi	Fjöldi hluta	Hlutfallsleg eign	Hlutfallsleg eign án eigin bréfa
Vogun hf	684.405.894	37,56%	37,74%
Arion banki hf.	563.664.658	30,93%	31,08%
Hampiðjan hf.	160.074.981	8,78%	8,83%
Eignarhaldsfélagið VGJ ehf.	99.999.909	5,49%	5,51%
TM fé ehf.	92.563.782	5,08%	5,10%
Fiskveiðahlutafélagið Venus hf.	58.060.279	3,19%	3,20%
Ingimundur Ingimundarson	48.000.000	2,63%	2,65%
Lífeyrissjóður verslunarmanna LF2013 ehf.	15.625.000	0,86%	0,86%
Landsbréf – Úrvalsbréf	12.924.676	0,71%	0,71%
<b>10 stærstu samtals</b>	<b>1.774.878.236</b>	<b>97,40%</b>	<b>97,86%</b>
562 aðrir hluthafar samtals	38.780.487	2,13%	2,14%
<b>Virkir hlutir samtals</b>	<b>1.813.658.723</b>	<b>99,53%</b>	
HB Grandi hf.	8.569.277	0,47%	
<b>Útgefnir hlutir samtals</b>	<b>1.822.228.000</b>	<b>100,00%</b>	

*Vogun, Hampiðjan, Fiskveiðahlutafélagið Venus, Kristján Loftsson (stj.fm.), Vilhjálmur Vilhjálmsson (forstj.) og Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson teljast tengdir aðilar og munu að útboðinu loknu fara saman með 42,75% atkvæðisréttar í félaginu*



# Fyrirkomulag almenns útboðs

Áskriftartímabil 7.-10. apríl

	Tilboðsbók A	Tilboðsbók B
<b>Grunnstærð</b>	8,5%	18,5%
<b>Aukning</b>	Arion banki hf. ráðstafar 5% hlutfjár í tilboðsbækur við úthlutun	
<b>Svigrúm</b>	Seljanda heimilt að breyta grunnstærð tilboðsbóka	
<b>Stærð áskrifta</b>	0,1-25 m	+15 m
<b>Verðbil / Lágmarksverð</b>	26,6 – 32,5 kr./hlut	26,6 kr./hlut
<b>Verðlagningaraðferð</b>	Hollensk uppboð (eitt verð í hvorri tilboðsbók)	
<b>Aðferðarfræði við úthlutun / skerðingu</b>	1) 75% flöt skerðing; 2) lækkun hámarks	Einhlíða ákvörðun seljenda
	Ekki verður tekið við áskriftum yfir 5% hlutfjár	

# Dagsetningar útboðsins

*Stefnt að töku til viðskipta 25. apríl 2014*

## Lykildagsetningar

- 27. mars – Birting lýsingar
- 7-10. apríl – Almennt útboð
- 14. apríl – Tilkynning um niðurstöðu
- 15. apríl – Úthlutun
- 23. apríl – Eindagi áskrifta
- 25. apríl – Fyrsti mögulegi viðskiptadagur á Aðalmarkaði


Áskriftartímabil útboðsins mun standa yfir 7.-10. apríl 2014. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar 14. apríl 2014 og NASDAQ OMX Iceland hf. mun í kjölfarið birta endanlegt svar við umsókn útgefandans um töku hlutabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Gert er ráð fyrir að ákvörðun seljenda um úthlutun til fjárfesta í útboðinu (þ.e. staðfesting eða skerðing á áskritum) geti átt sér stað 15. apríl 2014 og er eindagi viðskiptanna þá ákvarðaður 23. apríl 2014 en greiddir hlutir verða afhentir kaupanda í síðasta lagi næsta virka dag eftir að greiðsla berst. Fyrsti mögulegi viðskiptadagur með hlutabréf HB Granda á Aðalmarkaði kauphallarinnar gæti samkvæmt framansögðu orðið 25. apríl 2014.

Mars						
S	M	Þ	M	F	F	L
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

Apríl						
S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

# Hlutabréf á íslenskum markaði



Hlutföll miðast við ársuppgjör 2013 og markaðsvirði félaganna eins og það var í dagslok 26.03.2014. Miðgengi gjaldmiðla skv. SÍ 26.03.2014

Afkoma Haga 2013 miðast við spá greiningardeildar Arion banka

Hagnaður HB Granda leiðréttur fyrir virðisrýmun og gengismun auk þess sem tekið er tillit til arðgreiðslu ársins 2013 við útreikning kennitalna HB Granda

# Frekari upplýsingar

## Arion banki söluaðili útboðs

- Áskrift að andvirði 15 m.kr. og hærra tilboðsbók B skal skrá rafrænt á sérstöku áskriftarformi (áskriftarvef) á vef Arion banka hf.
- Til að geta skilað áskrift verður fjárfestir að skrá sig inn í viðeigandi tilboðsbók A eða B á áskriftarvef með eftirfarandi aðgangsaðkennum:
  - með notandanafni og lykilorði sínu að netbanka Arion banka hf.;
  - með kennitölu og lykilorði sem hann óskar eftir á áskriftarvefnum sjálfum og verður sent sem rafrænt skjal í netbanka hans, sem getur verið í hvaða íslenska viðskiptabanka sem er; eða
  - með kennitölu og lykilorði sem hann getur nálgast hjá söluaðila gegn undirritun vottaðrar umsóknar um lykilorð eða gegn annarri staðfestingu sem söluaðili metur fullnægjandi.
- Áskrift í tilboðsbækur B skal vera útfyllt og framkvæmd af fjárfesti sjálfum eða aðila sem hefur fullnægjandi heimild eða umboð fjárfestis

### Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka

#### Birkir Jóhannsson

birkir.johannsson@arionbanki.is

s: 444 6819

#### Rebekka Jóelsdóttir

rebekka.joelsdottir@arionbanki.is

s: 444 7486

#### Þorbergur Guðjónsson

thorbergur.gudjonsson@arionbanki.is

s: 444 6823

### Hlutabréfamiðlun Arion banka

#### Árni Ketilbjörn Jónsson

arni.jonsson@arionbanki.is

s: 444 7327

#### Helgi Frímansson

helgi.frimansson@arionbanki.is

s: 444 7310

#### Sigurður Hreiðar Jónsson

sigurdur.hreidar.jonsson@arionbanki.is

s: 444 7323

#### Unnar Hermannsson

unnar.hermannsson@arionbanki.is

s: 444 7328



# Fyrirvari

Kynning þessi er útbúin af Arion banka hf. (hér eftir „bankinn“) og HB Granda hf. (hér eftir „HB Grandi“ eða „félagið“) í tengslum við fyrirhugað almennt útbod á hlutabréfum í HB Granda í aðdraganda fyrirhugaðrar töku hlutabréfa félagsins til viðskipta á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. Kynningu þessari er eingöngu ætlað að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort þeir hyggist skila inn áskrift í hlutabréf félagsins í fyrrnefndu almennu útbodi. Kynningin er því eingöngu til upplýsinga en felur ekki í sér tilboð um kaup eða sölu verðbréfa og skal móttaka hennar ekki vera talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans. Fjárfestar eru hvattir til að greina og leggja eigið mat á fjárfestinguna og setja fram eigin áætlanir á grundvelli þeirra greininga.

Viðtakendum þessarar kynningar er bent á lýsingu félagsins, dags. 27. mars 2014 („lýsingin“) sem nálgast má á vefsíðu <http://www.hbgrandi.is/Um-HB-Granda/Fjarfestar>. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni lýsingar félagsins í heild sinni. Fjárfestar eru hvattir til að byggja mat sitt á félaginu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni en ekki á þeirri stuttu samantekt sem þessi kynning er.

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í verðbréfum sem HB Grandi hefur gefið út er mikilvægt að fjárfestar kynni sér og leggi sjálfstætt mat á allar upplýsingar sem koma fram í lýsingu félagsins, sérstaklega um þá áhættu- og óvissuþætti sem lýst er í köflum um áhættuþætti og gætu haft veruleg áhrif á HB Granda og fjárfestingar í verðbréfum félagsins. Umfjöllun um þá áhættuþætti sem HB Grandi álitur að skipti máli fyrir útgefanda og verðbréfin sem lýsingin tekur til, svo meta megi áhættu sem tengist útgefandanum, atvinnugrein hans og verðbréfum, er að finna í köflum um áhættuþætti í útgefandalýsingu og viðeigandi verðbréfalýsingu útgefandans. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er ekki kunnugt um.

Kynningu þessa eða lýsinguna má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri félagsins eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljanda, umsjónaraðila eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum og fjárfesting í fjármálagerningum sem gefnir eru út af HB Granda eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í verðbréfum HB Granda og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup í verðbréfum útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Kynning þessi byggir á opinberum gögnum og gögnum frá félaginu sem hafa ekki verið staðreynd af bankanum. Bankinn og/eða félagið taka ekki ábyrgð á gæðum, nákvæmni eða áreiðanleika kynningarinnar. Hvorki félagið, bankinn né starfsmenn hans bera ábyrgð á þeim upplýsingum, áætlunum, forsendum eða niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Engin ábyrgð er tekin á því að raunveruleg framtíðarþróun og rekstur verði í samræmi við áætlanir sem settar eru fram í kynningunni. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, áætlanirnar, forsendurnar eða niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og skulu þeir ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi. Komi í ljós misræmi milli þeirra upplýsinga sem veittar eru í kynningu þessari, annars vegar, og hins vegar lýsingunni skal litið svo að upplýsingar í lýsingunni séu réttar.

Öll fjölföldun eða dreifing þessarar kynningar, efni hennar eða upplýsinga sem í henni koma fram er óheimil, hvort sem er í heild eða að hluta. Félagið á höfundarrétt að öllum þeim upplýsingum sem fram koma í kynningunni, nema annað sé sérstaklega tekið fram eða leiða má af eðli máls. Óheimilt er að dreifa kynningunni eða upplýsingum úr henni til þriðja aðila, breyta efni hennar eða vísa til hennar með opinberum hætti.

Arion banka hf. er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útbodinu og kaup á hlutum í útgefanda er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16 gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Bankinn fer fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér upplýsingar um reglur Arion banka hf. um hagsmunaárekstra, sem eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og finna má á vefsíðu Arion banka. Umfjöllun um þá hagsmunir sem Arion banki hf. kann að hafa í tengslum við að útgefin hlutabréf í HB Granda verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að finna í lýsingunni.

Með því að taka á móti kynningu þessari samþykkir viðtakandi framangreindar takmarkanir og hömlur.



**HB GRANDI**